



Gjaldskrá

fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg

Gjaldskrá þessi tekur hækkun miðað við byggingavísitölu des.2024 áður en hún tekur formlegt gildi

1. gr. Gjaldskylda

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

2. gr. Stofngjald fráveitu

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhúsá hverja íbúð	681.786 kr.
Fjölbýlishús á hverja íbúð	340.287 kr.
Mannvirki önnur en íbúðir pr.m ² af heildarstærð húsnæðis	1.931 kr.
0,28% af gjaldi einbýlis, par- og raðhúsa	

Geri húseigandi eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna.

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingavísitölu í október 2024 (193,2) og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

3. gr. Fráveitugjald

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema:

- 0,102% af heildarfasteignamati eignar í A-flokki.
- 0,18% af heildarfasteignamati eignar í B-flokki.
- 0,18% af heildarfasteignamati eignar í C-flokki

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr. Rotþróargjald

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 19.gr samþykktar um fráveitur í Árborg.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	kr/ár	19.585
Rotþró > 6.001 lítra	kr/m ³	9.277

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, allt að 6.000 lítra að stærð, greiðast kr. 79.370

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, 6.001 lítra eða stærri, skal greiða skv. reikningi losunaraðila.

5. gr. Gjald dagar

- a) Stofngjald fráveitu: Gjald dagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) Fráveitugjald og rotþróargjald: Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr. Innheimta

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr.1429/2023

Samþykkt í bæjarstjórn, 4. desember 2024

Bragi Bjarnason
Bæjarstjóri.